



**Ávarp
forseta Íslands
Höllu Tómasdóttur
á 100 ára afmælishátíð
Rauða krossins á Íslandi**

**Reykjavík,
10. desember 2024**

Kæru gestir.

Það er mér einstök ánægja að fá að ávarpa ykkur á aldarafmæli Rauða krossins á Íslandi. Þetta mikilvæga félag er búið að fylgja okkur lengur en nokkurt okkar man. Við, sem erum komin á miðjan aldur, munum mörg eftir merkjasölu Rauða krossins á öskudaginn þegar fjöldi barna kepptist við að selja sem flestar nælur og pinna um allt land. Sum okkar muna eftir Rauðakrosshúsinu í Tjarnargötu, sem var athvarf barna og unglunga í vanda, og önnur eftir Hjálpartækjabankanum í Skipholti sem sá fólki með fötlun fyrir hjólastólum og öðrum hjálpartækjum. Öll eigum við einhverjar minningar tengdar Rauða krossinum. Margar tengjast gleðistundum en aðrar eru þrungnar sorg og áföllum, eins og mannskæð snjóflóð á Vestfjörðum fyrir tæpum þremur áratugum. Þá tók Rauða kross fólki höndum saman um að hjálpa þeim sem upplifðu missi og vonleysi. Áfallahjálp, eða eins og þið kallið það sálfélagslegur stuðningur, hefur síðan verið órjúfanlegur hluti af viðbragðskerfi landsins.

Rauði krossinn var stofnaður í þeim tilgangi að bæta líf og heilsu fólks og það hefur hann alltaf gert. Áhersla félagsins hefur sífellt verið á þau sem á einhvern hátt eru skilin út undan í samfélaginu. Áður fyrr voru það sjómenn í verstöðvum og börn, sem bjuggu við fátækt, en nú er áherslan á fanga, fólki sem notar vímuefni daglega, flóttafólk og fólki sem þarf að takast á við ægikrafta náttúrunnar. Sum verkefni hafa svo fylgt ykkur allt frá stofnun, eins og að kenna þjóðinni skyndihjálp og að sjá henni fyrir sjúkrabílum.

Forsetaembættið tengist starfi Rauða krossins tryggðaböndum. Fyrsti formaður Rauða krossins á Íslandi, Sveinn Björnsson, varð raunar

ekki forseti fyrr en 20 árum eftir að hann kom að stofnun félagsins en við sem höfum gegnt því embætti síðan höfum öll getað kallað okkur verndara Rauða krossins á Íslandi. Eitt af mínum fyrstu verkum sem forseti var einmitt að taka boði félagsins um að gerast verndari þess. Ég þakka ykkur traustið.

Rauði krossinn á Íslandi er sannkölluð fjöldahreyfing. Sjálfboðaliðar og starfsmenn Rauða krossins hafa skipt tugþúsundum síðustu áratugi. Það er ekki sjálfsagt að félag, sem stofnað var fyrir 100 árum, vaxi og dafni með tímanum. Lykillinn að velgengninni er einmitt að þið endurnýið ykkur, þróist í samræmi við breyttar þarfir og hafið augun á síbreytilegu samfélagi. Með því tekst ykkur að haldast síung og jafnmikilvæg í dag og sporgöngufólk ykkar var á fyrstu áratugum 20. aldarinnar.

Fyrir tilstilli Rauða krossins höfum við Íslendingar getað stutt við fólk og samfélög víða um heim í marga áratugi. Við lok síðari heimsstyrjaldarinnar dreifði Rauði krossinn á Íslandi lýsi til stríðshrjáðra Evrópubúa og í dag komum við að þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð víða um heim, með fjárframlögum en einnig með vel þjálfuðum sendifulltrúum.

Ég fullyrði að varla finnast félög sem starfa á jafn breiðum vettvangi og Rauði krossinn. Rauði krossinn byggir starf sitt á gagnreyndum aðferðum en hefur samt aldrei sagt skilið við grasrótina í nærsamfélaginu. Það er augljóslega rétt uppskrift að velgengni.

Við ykkur sjálfboðaliðana í salnum vil ég segja: Takk fyrir að gefa af tíma ykkar og hæfileikum. Takk fyrir að vera til staðar fyrir samfélagið okkar!

Kæra Rauða kross fólk og við öll: Til hamingju með aldarafmælið!